

Endurrit úr gerðabók Aganefndar.

Mál 1/2005

Á fundi sínum 6. júní 2005 fjallaði aganefnd GSÍ um kæru sem barst nefndinni vegna framferðis þíns á golfmóti sem haldið var á vegum GSÍ á Strandarvelli 28. – 29. maí s.l.

Fyrir fundinum lá samantekt föður þíns af atvikinu, sem þið ákváðuð að hann tæki saman.

Það er mat nefndarinnar að málsbætur felist ekki í því að þekkja ekki golfreglur, en ótvírætt segja golfreglur til um að mæting of seint á teig varði frávísun frá keppni. Það er mat nefndarinnar að það sé skýlaust agabrot að hlíta ekki úrskurði mótisdómara og halda áfram keppni, þar sem dómari hefur úrskurðað frávísun úr mótinu.

Fram hefur komið að þú hafir ekki sýnt dónaskap í samskiptum þínum við dómara né mótisstjórn og eins kemur fram í samantekt ykkar feðga að þér þyki þetta atvik mjög leitt.

Aganefndin telur þó óhjákvæmilegt eftir atvikum málsins að veita þér áminningu í samræmi við starfsreglur aganefndar GSÍ.

Reykjavík, 6. júní 2005.

Í aganefnd GSÍ,

Rósmundur Jónsson

Jónatan Ólafsson

Guðbrandur Sigurbergsson

Afrit sent:

Stjórn GSÍ

Stjórn GK/G